

Mánudaginn 3. mars 1980.

Nr. 160/1979. **Sjófang h/f**
 gegn
Jökli h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sjófang h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 6. mars 1980.

Nr. 172/1977. **Böðvar Bjarnason s/f**
 (Logi Guðbrandsson hrl.)
 gegn
Tollstjóranum í Reykjavík
 (Sigurður Ólason hrl.).

Uppboð. Aðflutningsgjöld. Tollskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 30. september 1977. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um hið umbeðna uppboð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 9. september 1977.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að steypumót í eigu gerðarþola, Böðvars Bjarnasonar s/f, hér í borg, verði seld á opinberu uppboði til lúkningar tolli, kr. 586.057, söluskatti, kr. 122.456, 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 708.513 frá 16. desember 1975 til greiðsludags svo og til lúkningar kostnaðar við uppboðið. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Geraðarþoli krefst þess, að synjað verði um uppboðið. Þess er krafist, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 26. ágúst sl.

Í ársbyrjun 1975 flutti gerðarþoli, Böðvar Bjarnason s/f, hingað til lands steypumót (Formwork equipment). Komudagur var 29. janúar 1975, en aðflutningsskýrsla er dagsett 11. febrúar s. á. Vara þessi er á aðflutningsskýrslu flokkuð undir tollskrárnúmer 84-60-00 og var því ekki tollskyld, en gerðarþoli greiddi sölu-skatt, kr. 408.287, og fékk varninginn afhentan.

Að tilhlutan ríkisendurskoðunar, sbr. bréf dags. 12. ágúst 1975, rannsökuðu starfsmenn gerðarbeiðanda varning þennan þann 11. desember 1975, þar sem mótin voru standandi í uppslætti við byggingu. Um þessa athugun gáfu þeir síðan skýrslu á rskj. 5 í máli þessu, lýsa gerð mótanna og telja, að flokka beri þau undir tollskrárnúmerið 73-21-09. Gerð vörunnar bendi ótvírætt í þá átt, að höfuðtilgangur hennar sé að vera uppsláttur fyrir húsbýggingar eða önnur svipuð mannvirki, er steypst séu úr stein-steypu, en ekki til að nota við steypu húshluta, enda notuð fyrst og fremst til uppsláttar fyrir veggj og jafnvel heilar hæðir.

Fyrir liggur bréf gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 28. janúar 1976, þar sem krafist er greiðslu viðbótartollgjalda að

upphæð kr. 708.542, og er vísað til fyrra bréfs gerðarbeiðanda sama efnis, dags. 16. desember 1975. Í máli þessu er krafa gerðarbeiðanda um dráttarvexti talin frá dagsetningu hins síðarnefnda bréfs, og er viðtöku þess eigi synjað af gerðarþola.

Uppboðsbeiðni er dagsett þann 10. ágúst 1976. Kröfugerð gerðarbeiðanda byggist á úrskurði fjármálaráðuneytisins um tollnúmer, sbr. lög nr. 6/1974, 33. gr., 1. mgr., er í gildi voru, er hér umrædd vara var afhent úr tolli. Er þessi úrskurður gerður þann 23. maí 1977, og er þar kveðið svo á, að varan flokkist undir tollskrárnúmer 73-21-09 í 1. gr. laga nr. 6/1974. Vísar gerðarbeiðandi til 33. gr., 1. mgr., laganna um, að slíkir úrskurðir séu fullnaðarúrslausnir, og jafnframt bendir hann á, að veð það, er 54. gr. laga 59/1969 veitir kröfu um aðflutningsgjöld, skuli haldast, enda þótt vara sé afhent viðtakanda, og að vöruna megi selja á uppboði án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkníngar gjöldum, þar með söluskatti, sem leggist á gjöldin, dráttarvöxtum og kostnaði.

Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að ráðuneytið hafi fyllilega gætt rétttra aðferða og lagasjónarmiða við gerð úrskurðar síns, þar á meðal gefið gerðarþola kost á að tala máli sínu, sbr. bréf til hans, sem getið sé í pósthók, rskj. 12, en gerðarþoli hafi ekki hirt um það. Formsatriði hafi ráðið því, að málefni þetta hafi verið til endurtekens úrskurðar í ráðuneytinu.

Gerðarþoli bendir á það, að hér umrædd vara hafi verið athugasemdalaust tollafgreidd undir tollskrárnúmeri 84-60-00. Þessi afgreiðsla hafi engan veginn byggst á upplýsingum af hans hálfu, heldur á athugun tollgæslumanna. Síðan hafi varan verið í notkun og reikningar við viðskiptamenn gerðir upp á þeim grundvelli, að öllum greiðsluskyldum vegna innflutningsins væri endanlega lokið. Hafi því mjög komið á óvart, er gerðarbeiðandi hóf kröfugerð þessa, nærri heilu ári eftir að hann lét afhenda vöruna, og verði að telja, að veðréttur sá, er 54. gr. laga 59/1969 tiltekur, hafi fallið niður við athugasemdalausna afhendingu. Þessi grein eigi því aðeins við, að vara sé afhent, en frestur veittur á greiðslu, enda sé á það að líta, að alls staðar í þessum kafla laganna sé gert ráð fyrir því, að gjöld greiðist, áður en afhending fari fram. Megi gerðarbeiðandi því ekki neyta úrræða 54. gr. til þess að koma fram uppboði án undangengens dóms og aðfarar. Gerðarþoli heldur því fram, að því aðeins sé úrskurður fjármálaráðuneytis fullnaðarúrslausn, að gætt hafi verið lagasjónarmiða við gerð hans, og fari því fjarri, að svo hafi verið gert í þessu falli,

og komi þetta berlega fram við athugun á texta tollskrárflokkunar 73-21 annars vegar og 84-60-00 hins vegar. Síðarnefndum tollskrárflokki sé þannig lýst, að undir hann falli „mótakassar til málmsteypu; steypumót fyrir málma (þó ekki hrájárnsteypumót), málmkarbída, gler, steinkennd efni (t. d. leirdeig og steinsteypa), gúmmí og plast“. En undir hinn falli „mannvirki“ og hlutar af mannvirkjum ýmiss konar og verði mót þau, sem hér um ræðir, ómögulega færð undir þann flokk. Fyrirsagnir kaflanna skipti hér engu máli. Er á þetta sé litið, verði ljóst, að úrskurður ráðuneytisins sé rangur, og raunar einber endaleysa.

Í 33. gr. (sic) laga nr. 59/1969 segir, að ef rís ágreiningur um tollflokkun, skuli fjármálaráðuneytið skera úr þeim ágreiningi og sé sá úrskurður fullnaðarúrlausn þar að lútandi. Slíkur úrskurður liggur fyrir í máli þessu, og segir þar, að hér umrædd vara falli undir tollskrárnúmer 73-21-09 í 1. gr. laga 6/1974. Það hefur ekki komið fram í máli þessu, að ráðuneytið hafi við úrlausn þessa beitt röngum aðferðum eða mat þess hafi ekki verið efnislegt. Með tilliti til 54. gr. laga 59/1969, sem segir, að þargreindur veðréttur haldist, þótt vara sé afhent innflytjanda, verður ekki talið, að um hafi verið að ræða fullnaðarskuldaskil, er gerðarþoli fékk þessa vöru afhenta, og jafnframt verður að telja, að gerðarbeiðandi geti neytt uppboðsheimildar til lúkningar hinum ógreiddu gjöldum, sem leiða af úrskurði ráðuneytisins um tollskrárflokkun. Ber að geta þess, að engar tölulegar athugasemdir hafa komið fram við kröfu gerðarbeiðanda, ef hún teldist réttilega færð undir númer 73-21-09 í tollskrá.

Þykir verða að láta hið umbeðna uppboð ná framgangi til lúkningar kröfum gerðarbeiðanda, tolli kr. 586.057, söluskatti, kr. 122.456, 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. desember 1975 til greiðsludags og kostnaði öllum við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður í uppboðsréttarmáli þessu.

Porsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda til lúkningar tolli, kr. 586.057, söluskatti, kr. 122.456, 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. desember 1975 til greiðsludags og til lúkningar öllum kostnaði við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.